

Árekstur og eldsvoði í tveim skipum

Houston, 8. nóv.
Norska olíuskipið Berean 13,200 tonn, og vöruflutningaskipið Union Reliance frá Formósu loguðu í dag stafna milli eftir harðan árekstur í mynni skipaskurðar til Houston í Texas. Berean er aðeins nokkurra mánaða gamalt og flutti sprengiefni og olíu, en á þilfari vöruflutningaskipsins voru olútunnur. Á Berean er 41 maður, en á Union Reliance eru 53 menn; af þeim síðarnefndu hafa tveir farizt og átta er saknað, en fimm liggja í sjúkrahúsi. Alls munu um 25 manns hafa slasast.

Skipin rákust á með stefnin og mun eldur hafa brotizt út víða í þeim. Lengi vel voru þau samföst, og var það til mikils бага, en síðar voru þau dregin sundur. 16 manns á norska skipinu urðu eftir í því, en hinir voru fluttir í land.

ECUADOR

Framhald af 16. síðu.
gos Toledo, hefur tekið að sér forsetastöðuna til bráðabirgða. Kosningar til þings munu fara fram innan þriggja mánaða. Sagt er að allt sé á öðrum endanum í landinu.

og eldinn tókst að slökkva síðdegis á miðvikudag. Hins vegar logaði þá eldur enn í Formósu-skipinu og bentu allar líkur til að það myndi eyðileggjast með öllu.

Wagner sigraði

NEW YORK, 8. nóv. (NTB-REUTER). Mikill fögnuður varð meðal demókrata í New York í dag, er það vitnaðist að Robert Wagner hafði verið endurkjörinn sem borgarstjóri í New York og Richard Hughes hafði sigrað James Mitchell, fyrrverandi verkafélagsmálaráðherra í stjórn Eisenhower, í ríkisstjórn kosningunum í New Jersey.

Engum kom á óvart að Wagner var endurkjörinn, en ekki hafði þess verið vænt að hann sigræði með slíkum yfirburðum. Stjórnsmálafréttaritarar telja að Wagner mun verða Nelson Rockefeller hinn erfiðasti, ef hann býður sig fram á móti honum í ríkisstjórn kosningunum í New York á næsta ári. — Hinn 52 ára gamli R. Hughes er

Framhald á 4. síðu

Sprengjur Rússa langsterkastar

segir Kennedy

Washington, 8. nóv.
NTB-Reuter.

Kennedy forseti sagði á blaðamannafundi í kvöld, að hinar síðustu kjarnsprengjutilraunir Rússa hefðu orsakað meira geislavirkt úrfall úr andrúmsloftinu en allar fyrri tilraunasprengingar Bretanna, Frakka og Bandaríkjamanna til samans. Kennedy sagði, að

Sovétveldin hefðu sprengt kjarnsprengjur í andrúmsloftinu, sem að magni til eru samtals 170 megatonn, en sprengingar Bretanna og Bandaríkjamanna eru samtals 125 megatonn. Sprengingar Frakka eru samtals innan við 1 megatonn.

Forsetinn sagði, að Bandaríkin myndu aldrei taka upp kjarnsprengjutilraunir í and-

rúmsloftinu af pólitískum og áróðurslegum ástæðum og því aðeins að Bandaríkin og hinn frjálsi heimur verði í hættu. Kennedy sagði einnig, að hann myndi biðja þingið um enn aukð fé til landvarna, — enda ætluðu Bandaríkin sér að verða sterkasta hervaldið í heiminum hér eftir sem hingað til.



WAGNER.

Hodsja skammar Krústjov FRAMHALD

1957 og 1960, flokkur, er ákveðinn hafi tryggt eininguna við sovétþjóðirnar og þjóðir annarra jarntrjaldsríkja. — Grein þessi er skrifuð í tilefni tvítugs afmælis albanska kommúnistaflokksins.

Málagn kommúnistaflokksins í Norður-Vietnam hyllir einnig albanska kommúnistaflokkinn. Í Alþýðudagblaðinu í Peking var auk áður nefnds leiðara einnig birt grein eftir Mehmet Shehu, forsætisráðherra Albaníu, en hann varð ásamt Hodsja fyrir heiftarlegum árásum Krústjovs og annarra ræðumanna á 22. flokksþinginu í Moskvu nýlega.

Enver Hodsja ákærði, í áður greindri ræðu sinni á bylt ngar afmælinu, Krústjov forsæt sráð herra fyrir að vera ragan við heimsveldissinnana. Hann sagði að Krústjov frestaði friðarsamningum við A.-Þýskaland ár eftir ár af því að hann væri hræddur. Krústjov og málaliðar hans eru tækifærissinnar, sem skaða hið sósíalíska samveldi með því að reyna að afvopna eitt land þess, Albaníu, er sé umkr ngd af óvinum á allar hlðar. „Af einhverri ástæðu vill hann heldur ekki hjálpa okkur. En hann skal fá að biðja árangurslaust eftir því að við snúum okkur til heimsveldissinnanna, biðjandi þá um hjálp. Við e'gum vini og félaga í hinu sósíalíska samveldi, er ekki hafa yfirgefið okkur, og sem ekk munu láta okkur sökkva niður í þann skít, sem Krústjov hefur ausið yfir okkur. Ef nauðsyn krefur munum við aðeins lifa á grasi og aldrei munum við selja okkur heimsveldissinnunum fyrir 30 silfurpeninga,“ sagði Hodsja.

Um Jósef Stalin sagði Hodsja,

að hann væri ekki aðeins einn mesti leiðtogi Sovétríkjanna, heldur væri hann einn mesti leiðtogi hins alþjóðlega kommúnisma fyrr og síðar. Hann væri líka einn ákafasti verjandi marxsmans-leninsmans og í hópi mestu fræðimanna hans. Mestu mistök Krústjovs í ádeil um hans á Stalin væru þau, að hann drægi aðeins fram og stækkaði mistök Stalins og gengi jafnvel svo langt að ausa hann auri. Hámarki þeirrar



HODSJA.

stefnu hafi verið náð með samþykktinn um brottflutning líks Stalins úr grafhýsinu á Rauða torginu. Um friðsamlega sambúð sagði Hodsja að hann væri kenningunni sammála fræðlega séð. „En við erum ekki ánægðir með tækifærissinna eins og Krústjov, sem halda því fram, að frðsamleg sambúð við kápítalismann eigi að vera grundvallaratriðið og höfuðlínan í útánríkispólitík sósíalstaríkjanna,“ sagði hann.

SAMNINGAR UM AÐILD BYRJA VEL

12 sagnir frá Hannesi

FRÁ Helgafelli eru komnar þrjár nýjar bækur: „Sögur að norðan“ eftir Hannes Pétursson og barnabækur tvær, Sumardagar (Sigurður Thorlacius) og Rauði hatturinn og krummi (Ásgerður Búadóttir).

Sögur að norðan er sagnasafn: 12 sagnir, 161 bls. Þetta er fyrsta bók Hannesar í óbundnu máli, en áður hafa komið út eftir hann tvær ljóðabækur, Kvæðabók og Í sumardölum.

Brüssel, 8. nóv.

NTB-Reuter.

Utanríkisráðherrar Sexveldanna hafa komið sér saman um sameiginlegt sjónarmið í samningunum við Bretana um aðild þeirra að bandalagi Sexveldanna. Þó hafa ráðherrar ekki náð samkomulagi um tvö þýðingarmikil efnahagsleg vandamál. Annað þeirra er hin fyrirhugaða 20 prósent niðurfelling á ytri tollmúr 6-veldanna, og hitt er löggjöf gegn hringamyndun innan 6-veldanna.

Áðurgreindar samningaviðræður hófust í Brüssel í dag og var andrúmsloftið hið vinsamlegasta. Málsvavar Bretanna og utanríkisráðherra 6-veldanna segja báðir, að viðræðurnar

ar í dag hafi verið mjög vinsamlegar.

Formaður sendinefndar Bretanna er Edward Heath, varanríkisráðherra Bretanna. Formaður vestur-þýzku sendinefndarinnar, dr. Rolf Lahr, talaði í framsöguræðu sinni um hið þýðingarmikla framlag Bretanna til málefna Evrópu og lét í ljós von 6-veldanna um að viðræður þessar leiði til þýðingarmikils framlags til einingar Evrópu. Sexveldin eru ánægð með að Bretar hafa skilyrðislaust lýst yfir ánægju sinni yfir takmörkum Rómarsamningsins. Samninginn og hið kraftmikla jafnvægi hans verður að varðveita um alla framtíð, enda er það öllum fyrir beztu,“ — sagði Lahr.